

# LANDSRÉTTUR

Dómur þriðjudaginn 26. maí 2026.

Mál nr. 346/2025:

## Ákærvaldið

(Marín Ólafsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Almar P. Möller lögmaður)

(Sigrún Jóhannsdóttir réttargæslumaður)

## Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Sératkvæði.

## Útdráttur

X var ákærður fyrir kynferðisbrot og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa á árunum 2003 til 2007, með ofbeldi og ólögmati nauðung, ítrekað brotið kynferðislega gegn systur sinni, A. Í ákæru voru brotin talin varða við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinum áfrýjaða dómi var X sýknaður af kröfum ákærvaldsins. Í dómi Landsréttar kom fram að framburður brotaþola væri trúverðugur og ætti sér stoð í framburði vitna og málgögnum. Framburður ákærða var aftur á móti talinn nokkuð óskýr og reikull. Var X sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Refsing X var ákveðin fangelsi í fjögur ár en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var hinn áfrýjaði dómur ómerktur um frávisun einkaréttarkröfu brotaþola og þeim þætti málsins vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Kristinn Halldórsson og Símon Sigvaldason.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 22. apríl 2025. Málgögn bárust réttinum 5. nóvember sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 2025 í málinu nr. S-[...]/2024.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar.
- Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá krefst hann þess að hinn

áfrýjaði dómur verði staðfestur um frávísun einkaréttarkröfu brotþola frá héraðsdómi en til vara er krafist sýknu af bótakröfunni.

- 4 Brotþoli, A, krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur hvað varðar frávísun einkaréttarkröfu hennar og málinu vísað að því leyti til efnislegrar meðferðar í héraði.

### **Málsatvik og sönnunarfærsla**

- 5 Mál þetta var höfðað með ákæru 24. október 2024. Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa frá [...] 2003 til og með desember 2007, með ofbeldi og ólögmætri nauðung, ítrekað brotið kynferðislega gegn systur sinni, brotþola, á heimili þeirra að [...] í Reykjavík, með því að setja getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og hafa við hana samræði, ásamt því að hafa við hana önnur kynferðismök með því að láta hana fróa sér og veita sér munnmök ásamt því að setja fingur í leggöng hennar og sleikja á henni kynfærin. Enn fremur að hafa látið brotþola fróa sér og sett fingur í leggöng hennar í sumarbústaðaferðum í [...] og einu sinni á árinu 2004 í sumarleyfi fjölskyldunnar á Spáni. Með þessari háttsemi er ákærði talinn hafa ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola, auk þess sem brotin hafi verið framin á sérstaklega meiðandi hátt og hann með þeim freklega misnotað yfirburðastöðu sína gagnvart henni. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr. og 1., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 6 Um málsatvik og skýrslur fyrir héraðsdómi vísast til lýsingar í hinum áfrýjaða dómi, auk þess sem rakið verður í niðurstöðukafla dómsins. Með héraðsdómi var ákærði sýknaður og einkaréttarkröfu brotþola vísað frá dómi.
- 7 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gáfu ákærði og brotþoli skýrslu, sem og vitnin G, systir ákærða og brotþola, og R. Í öllum tilvikum voru áður spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum þeirra í héraði. Þá gáfu einnig skýrslu fyrir Landsrétti D, móðir ákærða og brotþola, og F, bróðir ákærða og brotþola, en vitnin höfðu fyrir héraðsdómi og hjá lögreglu skorast undan að gefa skýrslu vegna tengsla við ákærða. Jafnframt kom fyrir réttinn E, faðir ákærða og brotþola, en hann skoraðist undan því að gefa skýrslu eins og hann hafði gert í héraði.
- 8 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig frekar um þau tilvik þar sem hann braut kynferðislega gagnvart brotþola á meðan hann var barn að aldri. Þá staðfesti ákærði framburð sinn fyrir héraðsdómi um að hann teldi sig hafa hætt að brjóta gegn systur sinni þegar hann missti sveindóminn, sem hefði verið þegar hann var í 9. bekk. Hann kvaðst einungis muna fornafn þeirrar stúlku er hann hefði þá verið í kynferðislegu samneyti við en hún hefði ekki verið með honum í skóla og ekki búið í sama hverfi. Ákærði staðfesti að hafa ekki greint sérstaklega frá þessari stúlku í skýrslutöku hjá lögreglu. Í viðbótarskýrslu sinni var ákærði spurður frekar út í herbergjaskipan er fjölskyldan dvaldi í sumarbústað í [...]. Þá upplýsti ákærði að í dag væri hann í samskiptum við foreldra sína og yngri bróður, en ekki brotþola.

- 9 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti staðfesti brotaþoli fyrri framburð um að G systir hennar hefði upplýst hana um hvaða ár hún fór í sumarleyfi með fjölskyldunni til Spánar, sem brotaþoli tengdi brot ákærða við, en það hefði verið sumarið 2004. Brotaþoli hefði ætlað að staðfesta þetta með því að kíkja í myndaalbúm á heimili foreldra sinna, en ekki getað það þar sem hún væri ekki í samskiptum við þau. Brotaþoli fór við skýrslugjöfina aftur yfir herbergjaskipan í greindri ferð til Spánar. Þá bar hún að í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu hefði hún reynt að koma sem flestu að en fyrir seinni skýrslutökuna hefði hún náð að undirbúa sig betur varðandi tímasetningar. Við þá skýrslugjöf hefði verið lögð áhersla á að hún gerði grein fyrir á hvaða árum einstök atvik hefðu gerst.
- 10 Í viðbótarskýrslu sinni gerði vitnið G nánari grein fyrir ferðum sínum í sumarbústaðinn í [...] og ferðum fjölskyldunnar til Spánar í sumarleyfum. Ekki er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir því sem fram kom í viðbótarskýrslu vitnisins R. Vitnið D lýsti því húsnaði þar sem fjölskyldan dvaldi í sumarleyfum á Spáni. Loks gerði vitnið F grein fyrir því að hann hefði á sínum yngri árum aldrei orðið vitni að kynferðisbrotum ákærða gegn brotaþola.
- 11 Ákærvaldið hefur lagt fyrir Landsrétt leiðrétta uppritun hljóðupptöku af samtali ákærða og brotaþola á kaffihúsi 15. desember 2022. Samkvæmt henni segir brotaþoli við ákærða fljótlega eftir að samtalið hefst að hana langi til að ræða um æsku þeirra. Í beinu framhaldi segir hún að það sé vegna þess að hann hafi misnotað hana kynferðislega en það hafi þau aldrei rætt. Það sé eitthvað sem brotaþoli sé búin að burðast með alla ævi og hafi það haft mjög mikil áhrif á hana. Hún hafi leitað sér aðstoðar hjá Stígamótum síðustu fimm ár. Þetta sé ein af hennar fyrstu minningum og muni hún hvenær þessu hafi lokið. Leiti brotaþoli eftir því hvort ákærði iðrist, hafi leitað sér aðstoðar eða séð að sér. Ákærði svarar brotaþola óskýrt og tekur fram að hann hafi ekki getað leitt hugann að þessu. Hann viti ekki hvað hafi gerst eða hvað hann geti gert, en vildi mikið að hann gæti bætt henni þetta upp. Lýsir brotaþoli því í framhaldinu að þetta hafi haft mikil áhrif á líf hennar og mótað hver hún sé, valdið kvíða og óöryggi. Svarar ákærði á þann veg að þetta hafi líka haft áhrif á líf hans. Hann megni ekki að leggjast á koddann á kvöldin og fara að sofa. Hann geti ekki hugsað. Brotaþoli segist fá endalausar martraðir og hafi hún verið greind með áfallastreituröskun. Geti hún ekki einu sinni sagt hve oft þetta hafi verið. Ákærði svarar á þann veg að hann hafi bara verið heimskur krakki. Brotaþoli segir þá að þetta hafi ekki bara verið þegar ákærði var krakki heldur hafi hann verið orðinn fullorðinn þegar þetta hætti í desember 2007. Ákærði segir það ekki geta verið. Brotaþoli spyr ákærða hvort hann hafi rætt þetta við einhvern en ákærði segir það ekki hægt. Ákærði segist hafa viljað biðja brotaþola fyrirgefningar í mörg ár. Brotaþoli spyr hvort hann vilji gera það núna og játar ákærði því, en segist ekki geta bætt þetta þótt hann vildi. Ákærði segist ekki skilja hvað gerðist, hann fyrirlíti alla sem hegði sér svona. Síðar í samtalinu segir ákærði að hann vildi að hann gæti tekið allt til baka og að hann gæti

gert eitthvað. Samtal brotþola og ákærða heldur áfram um hríð og þau ræða um að segja fjölskyldunni frá málinu.

### Niðurstaða

- 12 Ákærða eru gefin að sök ítrekuð kynferðisbrot gegn brotþola frá [...] 2003 til og með desember 2007 á heimili þeirra, í sumarbústaðaferðum í [...] og einu sinni árið 2004 í sumarleyfi fjölskyldunnar á Spáni. Upphaf ákærutímabilsins helgast af því að þann dag varð ákærði 15 ára og sakhæfur, sbr. 14. almennra hegningarlaga, en brotþoli kveður brotin hafa hafist fyrir.
- 13 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Sem endranær þarf við sakarmat í málinu jafnframt að gæta þeirrar meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Samkvæmt henni metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá er í 2. mgr. sömu greinar mælt fyrir um að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.
- 14 Það fellur í hlut dómsins að meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008. Í því sambandi skal meðal annars huga að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn. Samkvæmt 126. gr. sömu laga skal dómari, við mat á sönnunargildi vitnisburðar, meðal annars huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Á grundvelli framangreindra ákvæða er lagt í hendur dómara að meta annars vegar innra samræmi framburðar ákærða og vitna með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn og hins vegar ytra samræmi, það er hvernig framburður samræmist öðrum þeim sönnunargögnum og upplýsingum sem komið hafa fram við málsmeðferðina, þar með talið framburði annarra. Á framangreindum grunni verður metið hversu trúverðugur framburður ákærða og vitna er um einstök atriði sem áhrif geta haft við sakarmatið og hvaða áhrif niðurstaða þess mats hefur með tilliti til annarra sönnunargagna.
- 15 Ákærði hefur neitað sakargiftum og kveðst ekki hafa brotið gegn brotþola á því tímabili sem greinir í ákæru. Hann hefur aftur á móti viðurkennt að hafa brotið kynferðislega gegn brotþola áður en hann náði sakhæfisaldri. Fyrir héraðsdómi vildi ákærði ekki tjá sig um þá háttsemi en tók fram að engin brot hefðu átt sér stað eftir að hann missti sveindóminn sem hefði verið haustið þegar hann var í 9. bekk. Ákærði bar með sama hætti í skýrslutöku hjá lögreglu 5. janúar 2023 þar sem fram kom að hann kannaðist við „einhver svona atvik“. Aftur á móti pössuðu tímasetningar ekki og

kvaðst hann ekki hafa brotið gegn systur sinni eftir að hann missti sveindóminn í 9. bekk. Hann kvaðst ekki átta sig á hvenær brotin hefðu byrjað eða hversu mörg þau hefðu verið. Ákærði viðurkenndi í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa komið við kynfæri brotaþola með höndunum í svefnherbergi foreldra þeirra en gat ekki sagt til um hversu oft það hefði verið. Þá hefði hann í eitt skipti „puttað“ brotaþola í efri koju í sumarbústað í [...] og taldi hann sig þá hafa verið í 7. bekk. Hann neitaði að hafa brotið gegn brotaþola með öðrum hætti, þar með talið í sumarleyfi á Spáni.

- 16 Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar tjáð sig takmarkað um atvik og frásögn hans verið nokkuð óskýr og reikul, þar með talið um þá háttsemi sem hann hefur þó gengist við fyrir tímabil ákæru. Framburður hans ber þess merki að hann hafi átt erfitt með að tjá sig um atvik, en hann vísaði hjá lögreglu ítrekað til þess að hann treysti sér ekki til að tala um þetta og myndi ekki atvik þar sem svo langt væri um liðið. Hann hefur borið um að brotunum hafi lokið þegar hann var í 9. bekk og tengt það tímamark við að hann missti sveindóminn. Þrátt fyrir að hafa verið sérstaklega spurður um þá stúlkuna sem hann átti kynferðislegt samneyti við hefur hann ekki veitt frekari upplýsingar, að öðru leyti en því að nefna fyrri nafn hennar í skýrslutöku fyrir héraðsdómi. Ákærði nefndi stúlkuna aftur á móti ekki með nafni þegar tekin var af honum skýrsla hjá lögreglu, heldur vísaði til þess að hann hefði misst sveindóminn heima hjá „einhverri stelpu.“ Frásögn ákærða um þetta mikilvæga atriði er þannig óskýr og rýrir það nokkuð vægi framburðar hans.
- 17 Framburður brotaþola um ítrekuð brot ákærða gegn henni, sem staðið hafi fram í desember 2007, hefur verið staðfastur frá upphafi rannsóknar. Langt er um liðið frá atvikum, en brotaþoli var sjö til ellefu ára gömul á því tímabili sem ákæra tekur til. Brotaþoli hefur í öllum meginatriðum lýst brotum ákærða með sams konar hætti fyrir dómi og í skýrslum hjá lögreglu og verður minniháttar ósamræmi, sem ákærði hefur vísað til, ekki talið rýra trúverðugleika framburðar hennar. Við skýrslugjöf fyrir dómi var hún einlæg, varfærin og leitaðist við að greina frá atvikum með eins skýrum hætti og henni var unnt. Hún kveður brotin hafa verið fjölmörg og staðið yfir á löngu tímabili, en vegna þessa getur verið erfitt að greina á milli einstakra tilvika, staðsetja þau og tímasetja. Hvað sem því líður hefur brotaþoli borið um tiltekin brot með nákvæmum hætti sem er til þess fallið að auka vægi framburðar hennar, svo sem um brot sem hún kveður hafa átt sér stað í sturtuklefa á heimili fjölskyldunnar stuttu fyrir lok ákærutímabils og notkun ákærða á ýmis konar hlutum, svo sem „Pez-stauk“, vasaljósi með titringi og „Mentos“ sem hann hafi sett „á snípinn.“
- 18 Fyrir héraðsdómi bar brotaþoli að fyrstu minningar hennar af háttsemi ákærða væru frá því að hún hefði verið þriggja eða fjögurra ára gömul. Brot hefðu ítrekað átt sér stað í rúmi ákærða, svo sem „rúnk og tott og sleikingar og puttanir [...]“ og hefði það í raun verið á „öllu tímabilinu“ og verið um „ótrúlega mörg skipti“ að ræða. Grófustu brotin hefðu átt sér stað þegar hún var send í sturtu með ákærða sem hefði læst hurðinni. Þar hefði „allur skalinn“ farið fram, svo sem „puttun, rúnk, tott, sleikingar

og að nudda typpinu í þíkuna mína og reyna svona einhvern veginn að koma því þarna inn.“ Hún ætti skýra minningu af „síðustu sturtuferðinni“ þegar ákærði hefði reynt að hafa við hana samfarir þannig að hún hefði átt að setjast ofan á getnaðarlim hans en það ekki tekist, kannski af því að hún hefði streist meira á mótí en áður. Þetta atvik hefði verið nokkrum mánuðum fyrir síðasta brotið sem hefði verið í desember 2007. Fram kom að brotþoli hefði velt fyrir sér af hverju brotin hefðu hætt og taldi það mögulega hafa tengst því að hún hefði mótmælt meira. Til skýringar á því hvernig brotþoli myndi hvenær brotunum lauk vísaði hún til þess að vorið 2008 hefði hún verið að stíga sín fyrstu skref í kynþroska og þá hugsað að ekkert hefði gerst frá því í desember árið áður. Hún tengdi þessa minningu meðal annars við hárvöxt undir höndum og leiðbeiningar frá systur sinni um notkun á svitalyktareyði, sem hún rakti nánar fyrir dómi. Brotþoli lýsti því að hún teldi ákærða líklega hafa áttað sig á því að hún væri komin á kynþroskaskeld, misst áhuga og talið hana „ógeðslega“. Nánar spurð um tímamörk vegna þeirrar háttsemi sem ákærða er gefin að sök tók brotþoli fram að hún ætti afskaplega takmarkaðar minningar frá því að hún var yngri en fimm ára og myndi ekki eftir brotum þegar ákærði, sem væri [...] árum eldri, hefði ekki verið kynþroska.

- 19 Framburður brotþola fyrir dómi er að þessu leyti í samræmi við skýrslur hennar hjá lögreglu. Þannig kom fram í fyrri skýrslu brotþola að brotin hefðu hætt þegar hún var 11 ára ára gömul, það er í desember 2007, og tengdi hún tímamarkið við að hún hefði verið komin á kynþroskaaldur og systir hennar kennt henni að nota svitalyktareyði. Þetta fær vissa stoð í framburði G fyrir héraðsdómi þar sem fram kom að hún hefði kennt brotþola að nota svitalyktareyði einhvern tímann á árunum 2005 til 2010. Þá leitaðist brotþoli í seinni skýrslunni við að skýra tímasetningar á brotum í sumarbústað í [...] og sumarleyfi fjölskyldunnar á Spáni.
- 20 Samkvæmt framansögðu hefur brotþoli frá upphafi rannsóknar borið um að brot ákærða hafi staðið yfir til loka árs 2007. Ákærði hefur aftur á mótí staðfastlega neitað því að hafa brotið gegn brotþola frá haustinu 2002 og tengir það samkvæmt framansögðu við persónulegt atvik í lífi sínu. Framburður þeirra beggja er að þessu leyti í samræmi við það sem þeim fór á milli í samtali sem hljóðritað var í desember 2022 og áður hefur verið gerð grein fyrir.
- 21 Brotþoli og ákærði eru ein til frásagnar um þau atvik sem ákæra tekur til. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi koma þau úr fjögurra systkina hópi sem bjó í sama húsnæði á því tímabili sem um ræðir. Er brotþoli yngst þeirra systkina, F bróðir hennar [...] árum eldri, ákærði [...] árum eldri og loks systirin G, sem er [...] árum eldri en brotþoli. Mál þetta hefur af augljósum ástæðum valdið foreldrum ákærða og brotþola og systkinum þeirra sorg og vanlíðan. Af gögnum málsins og framburðum má ráða að eftir að brotþoli greindi frá ætluðum brotum ákærða hafi þau skipað sér í fylkingar, ýmist með ákærða eða brotþola. Er fram komið að brotþoli sé ekki lengur í tengslum við foreldra sína eða bræður. Þá er G heldur ekki í neinum samskiptum við

foreldra sína eða bræður en hefur veitt systur sinni stuðning. Verður að meta framburði þessara síðastgreindu vitna í ljósi ákvæða 7. mgr. 122. gr., sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008.

- 22 Eins og atvikum er háttað ráðast lyktir málsins af mati á sönnunargildi framburðar brotaþola annars vegar og ákærða hins vegar. Við þetta mat geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki sem unnt er að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra, auk þess sem litið verður til annarra sönnunargagna og upplýsinga sem hafa komið fram við meðferð málsins.
- 23 Fyrir liggur að brotaþoli greindi á árunum 2013 til 2022 nokkrum fjölda aðila, sem gáfu skýrslu fyrir héraðsdómi, frá því að hún hefði sætt kynferðislegri misnotkun sem barn. Vitnið J kvað brotaþola hafa sagt henni í byrjun árs 2013 að hún hefði orðið fyrir kynferðisbroti og sagt að vitnið væri fyrsta vinkonan sem hún hefði sagt frá brotinu. Kom fram í vætti vitnisins að brotaþoli hefði sagt að hún hefði verið misnotuð frá fjögurra til sex ára aldri fram að þeim tíma er hún varð kynþroska. Þá bar æskuvinkona brotaþola, vitnið B, um að brotaþoli hefði árið 2018 sagt henni frá því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega árum saman þegar brotaþoli var ung að árum. Brotaþoli hefði sagt misnotkunina hafa byrjað þegar hún var þriggja til fjögurra ára og staðið yfir í sjö til átta ár. Að sama skapi greindi þáverandi kærasti brotaþola, vitnið N, frá því að brotaþoli hefði sagt honum síðla árs 2019 eða á árinu 2020 að hún hefði verið misnotuð kynferðislega af ákærða í æsku og brotin verið viðvarandi fram á táningsár hennar. Svo sem vísað er til í héraðsdómi greindi brotaþoli fleiri aðilum frá því að hún hefði sætt kynferðislegri misnotkun og vísast til þess sem þar er rakið.
- 24 Meðal gagna málsins er vottorð Stígamóta 5. september 2023 þar sem fram kemur að brotaþoli hafi frá mars 2018 sótt þangað regluleg viðtöl. Í öðru vottorði Stígamóta 21. desember 2022 kemur fram að brotaþoli hafi reglulega sótt þangað viðtöl vegna kynferðisofbeldis af hálfu náins ættingja. Hinn 17. mars 2021 hafi H sálfræðingur gert mat á sálrænum einkennum og líðan brotaþola í kjölfar þess kynferðisofbeldis er hún greindi frá. Niðurstöður þess mats hafi sýnt að brotaþoli glímði við áfallastreituröskun í kjölfar ofbeldis og hafi hún í framhaldinu sótt áfallastreitumeðferð. Sálfræðingurinn gaf skýrslu fyrir héraðsdómi og tók meðal annars fram að brotaþoli hefði sagt ofbeldið hafa byrjað þegar hún var í leikskóla og lokið í kringum 11 ára aldur.
- 25 Jafnframt liggja fyrir í málinu gögn um að brotaþoli hafi 27. maí 2020 mætt í viðtal og ráðgjöf í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Brotaþoli hafi í viðtalinu lýst langvarandi kynferðisofbeldi af hálfu ákærða og hafi brotin átt sér stað frá því hún var þriggja til fjögurra ára og þar til hún var 11 til 12 ára. Brotin hafi falist í því að ákærði hafi káfað ítrekað á kynfærum brotaþola og líkama, látið hana snerta og káfa á sér og reynt að hafa við hana samræði. Fram kemur að brotaþoli hafi undanfarin ár leitað sér aðstoðar hjá Stígamótum sem hafi hjálpað henni mikið og orðið til þess að hún sé reiðubúin að ræða um ofbeldið. Fram að því hafi hún verið búin að ákveða að segja aldrei frá því sem gerðist.

- 26 Eins og að framan er rakið fær skýr og staðfastur framburður brotaþola ákveðna stoð í framburði vitna og málgögnum. Áður hefur verið vísað til þess að ákærði hafi takmarkað tjáð sig um atvik. Hann hefur þó kannast við að hafa brotið kynferðislega gegn brotaþola fyrir tímabil ákæru. Þykja óljósar skýringar ákærða draga úr trúverðugleika framburðar hans í málinu, þar með talið um að brotum hans hafi lokið haustið 2002 þegar brotaþoli var fimm til sex ára gömul, sem ekki fær stuðning í gögnum málsins. Að þessu og öðru framangreindu heildstætt virtu þykir ákæruvaldinu hafa tekist að sanna með trúverðugum framburði brotaþola og því sem honum er til stuðnings, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi brotið kynferðislega gegn henni á tímabili ákæru.
- 27 Samkvæmt ákæru eru brot ákærða sögð hafa átt sér stað á heimili fjölskyldunnar, í sumarbústaðaferðum í [...] og einu sinni í sumarleyfi á Spáni árið 2004. Ákæruvaldið hefur ekki lagt fram gögn, hvorki í héraði né fyrir Landsrétti, um það hvort hið ætlaða brot ákærða á Spáni hafi verið refsivert samkvæmt lögum þar í landi þegar brotið er talið hafa átt sér stað. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði 2. töluliðar 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt svo sakfella megi og refsa ákærða fyrir þá háttsemi, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 10. janúar 2025 í máli nr. 14/2025. Að öðru leyti verður ákærði sakfelldur með þeim rökum sem að framan greinir fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.
- 28 Samkvæmt ákæru eru brot ákærða meðal annars heimfærð undir 1., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga. Ákvæðið kom inn í almenn hegningarlög með lögum nr. 23/2016, sem öðluðust gildi 5. apríl 2016. Voru brot ákærða því framin fyrir lögfestingu ákvæðisins. Samkvæmt 1. gr. almennra hegningarlaga skal ekki refsa manni nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem refsing er lögð við í lögum. Er sú lagaskilaregla nánar útfærð í 1. mgr. 2. gr. en þar segir að hafi refsilöggjöf breyst frá því verknaður var framinn til þess er dómur gengur skuli dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsináemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Standa þannig ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga því ekki í vegi að dæmt verði eftir nýrri refsilögum og refsináemi verknaðar metið eftir þeim lögum, að því gefnu að háttsemi hafi verið refsiverð eftir lögum þegar verknaður var framinn.
- 29 Í málinu skortir á í málalíbúnaði ákæruvalds að greint sé frá því undir hvaða ákvæði almennra hegningarlaga, annarra en 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr., lýst háttsemi ákærða féll fyrir gildistöku 218. gr. b, en slík greining er forsenda þess að dómstólar geti metið og ákvarðað refsingu eftir þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem í gildi voru á því tímamarki. Samkvæmt því verður háttsemi ákærða ekki heimfærð til 218. gr. b almennra hegningarlaga.
- 30 Að framangreindu gættu og með vísan til þess framburðar brotaþola sem áður var rakinn um háttsemi ákærða verður hann að öðru leyti sakfelldur samkvæmt ákæru og

er háttsemi hans þar réttilega heimfærð til 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 26. mars 2025 í máli nr. 47/2024 og 11. júní 2025 í máli nr. 2/2025.

- 31 Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að brotaþoli var barn að aldri er brotin áttu sér stað og ákærði bróðir hennar. Misnotaði hann sér það traust sem hún bar til hans og braut alvarlega gegn henni. Verður því horft til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 3. mgr. 70. gr. laganna. Á hinn bóginn er til þess að líta að ákærði var 15 ára er brot þau sem ákært er fyrir hófust og lauk þeim áður en hann varð tvítugur. Þá eru um 20 ár liðin frá því að brot ákærða áttu sér stað. Loks hefur hann ekki áður sætt refsingum svo kunnugt sé. Að öllu þessu virtu og með hliðsjón af dómafrankvæmd verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í fjögur ár en með síðastgreindum rökum verður hún bundin almennu skilorði eins og greinir í dómsorði.
- 32 Brotaþoli krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur að því er frávisun einkaréttarkröfu hennar varðar og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar. Samkvæmt niðurstöðu málsins verður með vísan til 5. mgr. 193. gr. laga nr. 88/2008 fallist á þá kröfu.
- 33 Eftir úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola eins og þau voru þar ákveðin. Þá greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur að því er varðar einkaréttarkröfu brotaþola, A, og þeim hluta málsins vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði, sem í heild nemur 5.279.513 krónum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Almars Þ. Möller lögmanns, 3.000.000 króna, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, 1.800.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 3.737.840 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Almars Þ. Möller lögmanns, 2.897.880 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, 736.560 krónur.

## Sératkvæði Símonar Sigvaldasonar

- 1 Ég geri ekki athugasemdir við atkvæði meiri hluta dómenda fram að niðurstöðukafla í málsgrein 12.
- 2 Svo sem fram kemur í atkvæði meirihluta er ákærða gefið að sök kynferðisbrot og stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart brotþola yfir ríflega fjögurra ára tímabil, en ákært er fyrir þau brot sem talin eru hafa átt sér stað frá og með sakhæfisaldri ákærða. Ákærði hefur viðurkennt tiltekna kynferðislega háttsemi gagnvart brotþola en staðhæfir að henni hafi lokið um líkt leyti og ákærði varð 15 ára. Ákærði er [...] árum eldri en brotþoli. Eru brot samkvæmt ákæru talin varða við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 202. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brotin eru talin hafa átt sér stað á þáverandi heimili ákærða og brotþola í Reykjavík, í sumarbústaðaferðum fjölskyldunnar í [...] og eitt sinn á árinu 2004 í sumarfrii fjölskyldunnar á Spáni.
- 3 Ég geri ekki athugasemdir við atkvæði meirihluta dómenda um mat á trúverðugleika framburðar ákærða. Ég tel ákærða hafa verið ótrúverðugan undir meðförum málsins, en framburður hans hefur verið mjög reikull og misvísandi. Ég tel þýðingu hafa fyrir þetta mat samtal ákærða og brotþola á kaffihúsi 15. desember 2022, en gerð er að hluta til grein fyrir samtali þessu í atkvæði meirihluta dómenda. Í samtalinu bar brotþoli upp á ákærða þær sakir er fram koma í ákæru og segir brotin hafa staðið allt fram í desember 2007. Í viðtalinu viðurkenndi ákærði að hafa viðhaft kynferðislega háttsemi gagnvart brotþola þegar brotþoli var barn. Ég tel að ekki beri að skilja svar ákærða í samtalinu þannig að kynferðislegri háttsemi hans gagnvart brotþola hafi lokið um líkt leyti og ákærði varð sakhæfur. Iðrun hans, lýsing á eigin áralangri vanlíðan og beiðni um fyrirgefningu báru að mínu mati þess ótvíræð merki að um önnur og mun alvarlegri brot væri að ræða en hann sjálfur hefur viljað viðurkenna. Ég tel samtal þetta styðja framburð brotþola um brot ákærða og rýra trúverðugleika framburðar ákærða um að kynferðislegri háttsemi hans gagnvart brotþola hafi lokið við 15 ára aldur ákærða.
- 4 Ég geri heldur ekki athugasemdir við atkvæði meirihluta dómenda um mat á trúverðugleika framburðar brotþola. Brotþoli hefur verið afar trúverðug og fullt innra og ytra samræmi í framburði hennar, auk þess sem framburður hennar sækir ákveðna stoð í gögn málsins. Í byrjun árs 2013 hóf brotþoli að segja sögu sína um brot ákærða en söguna sagði hún vinkonum sínum, samstarfsfélögum og þáverandi kærustum á árunum þar á eftir. Fyrsta frásögn hennar af atvikum kom fram tæpum 10 árum áður en hún lagði fram kæru hjá lögreglu vegna málsins. Í öllum þessum tilvikum sem og í skýrslum hennar hjá lögreglu og fyrir dómi hefur verið fullt innra samræmi í frásögnum hennar af því hvenær brot ákærða hófust og hvenær þeim lauk. Eykur þessi stöðugleiki mjög á trúverðugleika framburðar hennar.

- 5 Ég tel þar fyrir utan að framburður brotaþola sækir ákveðna stoð í gögn málsins. Brotaþoli hefur lýst því að sökum brota ákærða hafi hún ekki farið í skólasund í æsku, auk þess sem henni hafi alltaf verið illt í maga, verið með hægðatregðu, niðurgang og hausverk og reynt að forðast heimili sitt. Bekkjastystir brotaþola úr [...] staðfesti að brotaþoli hafi ekki verið í skólasundi í æsku og tengdi það við magaverk hjá brotaþola. Eins hafi hún lítið verið heima hjá sér. Þá koma fram í sjúkraskrá brotaþola upplýsingar um að brotaþoli hafi á yngri árum glímt við viðvarandi magaverk og hægðatregðu og hún misst mikið úr skóla. Loks hefur brotaþoli verið greind með áfallastreituröskun, en samkvæmt vottorði sálfræðings frá 17. mars 2021 er það rakið til ofbeldis sem brotaþoli greindi frá og varðar ákærða. Vottorð þetta var gefið út áður en brotaþoli lagði fram kæru vegna málsins hjá lögreglu. Ég tel að þessi atriði hafi þýðingu varðandi niðurstöðu málsins og auki á trúverðugleika framburðar brotaþola.
- 6 Ég er sammála meirihluta um að ekki sé unnt að sakfella ákærða fyrir brot í sumarleyfi á Spáni, auk þess sem ég er sammála um að ekki sé unnt að fella háttsemi ákærða undir 218. gr. b almennra hegningarlaga. Þá tel ég rétt eins og meirihluti dómenda að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm að því er varðar einkaréttarkröfu brotaþola og vísa málinu heim í hérað að því leyti.
- 7 Mikilvæg sjónarmið vegast á þegar kemur að ákvörðun refsingar í málinu. Mál af sambærilegum toga hafa á liðnum árum sætt þungum óskilorðsbundnum fangelsisrefsingum og á það einnig við í þeim tilvikum þegar kæra er lögð fram vegna löngu liðinna atburða. Það sem vegur á móti er að ákærði var á barnsaldri er hin kynferðislega háttsemi hans gagnvart brotaþola hófst og ákæra miðar hans fyrstu kynferðisbrot við 15 ára aldur hans. Fram hjá því verður þó ekki horft að hann var á tuttugasta aldursári þegar brotum hans lauk. Ég tel af þessum ástæðum og í ljósi þeirra alvarlegu brota sem sakfelld er fyrir að ekki sé unnt að binda refsingu ákærða skilorði. Til að koma til móts við ungan aldur ákærða og hreinan sakaferil verði fremur að ákvarða honum styttri fangelsisrefsingu en ella, sem ég tel í ljósi framangreindra atriða hæfilega ákveðna fangelsi í tvö ár.